


Nr.: LMS-002	<b>Tækniskólinn</b>	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 15.03.2016	<b>2. Starfsþróunarsamtöl - Fundarboðun</b>	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 2		

## Undirbúningur starfsmanna

Það er stefna Tækniskólans að haldin séu starfsþróunarsamtöl milli yfirmanns og allra fastráðinna starfsmanna skólans.

Tilgangur þessara viðtala er að gera starfsmönnum kleift að tjá sig formlega um stöðu sína og starf og fyrir stjórnanda að ræða við starfsmann um frammistöðu hans og aðstoða hann til starfsþróunar og auka starfsánægju.

Þú ert hér með boðaður til fundar í samræmi við ofangreint.

Það er þýðingarmikið að þú undirbúir þig vel fyrir fundinn til að hann gagnist sem best.

Þú þarft ekki að nota þetta skjal eða þessar leiðbeiningar þar sem fundurinn byggir ekki á þeim en eftirfarandi texta er ætlað að hjálpa þér við undirbúning þinn.

Á fundinum er þér heimilt að ræða hvaðeina sem þér kann að liggja á hjarta varðandi starf þitt og starfsemi Tækniskólans.

Þú átt rétt á að fá skoðun stjórnanda þinna á frammistöðu þinni.

**Áætlað er að starfsþróunarsamtöl verði á 6-12 mánaða fresti nema aðstæður kalli á annað og/ eða starfsmaður óski eftir fundi.**

**Fundur milli þín og stjórnanda er:**

- EKKI** Viðtal stjórnanda við þig heldur samræða tveggja samstarfsmanna á jafnréttisgrundvelli.
- EKKI** Eitthvað sem er gert til að þóknast yfirstjórn heldur ætlað sem tæki til að bæta samskipti og auka framlag beggja aðila til starfsþróunar og starfsánægju.

**Auðveldasta leiðin til að komast hjá árangri af fundinum er:**

- að koma til fundarins óundirbúinn/óundirbúin.
- ræða ekki viðkvæm mál.
- hlusta ekki hvor á annan/hvort á annað.


**Eftirfarandi atriði eru ætluð til að aðstoða þig við undirbúning fyrir starfsþróunarsamtal, en ekki spurningar sem þér er skylt að svara.**

**Síðasta starfsþróunarsamtal**

- Hefur væntingum þínum frá síðasta viðtali verið mætt?
- Hvaða markmiði var erfiðast að ná?
- Finnst þér síðasti fundur hafa skilað árangri?

**Verkefni sem þú sinnir**

- Hvaða verkefni eru þýðingarmest í starfi þínu?

Nr.: LMS-002	<b>Tækniskólinn</b>	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 15.03.2016	<b>2. Starfsþróunarsamtöl - Fundarboðun</b>	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 2 af 2		

- Hvaða verkefni finnst þér skemmtilegust?
- Hvaða verkefni reyna mest á þig?
- Hvað hefur verið þér erfiðast?
- Á hvaða sviðum finnst þér þú hafa náð mestum árangri?
- eru einhver verkefni sem þú átt í erfiðleikum með?

### Sjálfsmat

- Hvernig líður þér með starfsfélögum þínum? Ertu góður félagi í hópi starfsmanna?
- Hvernig geturðu bætt vinnuleg samskipti þín við starfsfélaga þína?
- eru möguleikar fyrir þig að auka við starfsþekkingu til að ná meiri árangri í starfi?
- Sýnir þú frumkvæði að bættu starfsumhverfi, viltu taka á þig aukna ábyrgð?
- Hvernig finnst þér árangur þinn vera miðað við aðalatriði starfslýsingar þinnar?

### Deildin - samstarf

- eru einhverjar kringumstæður í starfi deildar þinnar sem hafa neikvæð/jákvæð áhrif á frammistöðu þína?
- eru einhver önnur verkefni innan deildar þinnar sem þú hefur áhuga á?
- Finnst þér yfirmaður þinn sanngjarn í dreifingu verkefna?
- Ertu með hugmyndir um jákvætt framlag í starfsemi deildarinnar?

### Stjórnun

- Aðgengi að stjórnendum
- Skipulag
- Flöskuhálsar
- Markmið skólans?

### Vinnustaðurinn/starfsumhverfi

- Samskipti við nemendur
- Samskipti við samstarfsmenn
- Vinnustaðamenning/starfsandi
- Vinnuástaða

### Framtíðin og starfsþróun

- Veltu fyrir þér þáttum í starfinu eða starfsumhverfinu sem gætu haft áhrif á framtíð þína.
- Nýtur þú þín til fulls í núverandi stöðu þinni?
- Hvernig getur þú breytt starfi þínu þannig að þú virkir betur?
- Hver ættu markmið þín að vera næstu 6 – 12 mánuði?
- Hefur þú hugmyndir um breytingar/sparnað í rekstri Tækniskólans?
- Hefur þú áhuga á öðru starfi innan félagsins en því sem þú ert nú í?
- Hvaða stöðu vildir þú gegna eftir 1-3-5 ár?
  - Hvernig getur þú undirbúið það?
  - Getur Tækniskólinn hjálpað þér?
- Hvað þarf að gerast til að þú fái meiri ánægju út úr starfi þínu?
  - Varðandi þig.
  - Varðandi næsta stjórnanda.
  - Hjá fyrirtækinu.
  - Hjá öðrum.

**Starfsþróunarsamtal er til hagsbóta fyrir starfsmenn Tækniskólans**